

Í þessu sambandi skal sérstaklega athuga möguleika á eftirfarandi:

- 1) Auknum stuðningi við hagnýtingu jarðhita á staðnum til gróðurhúsaræktunar.
- 2) Uppbyggingu iðnaðar, t. d. mjólkuriðnaðar og þangvinnslu.
- 3) Umbótum í skólamálum, t. d. með bættri aðstöðu til unglingafræðslu og stofnun héraðsskóla.
- 4) Lendingarbótum á Stað á Reykjanesi eða á öðrum þeim stað, sem hentugur yrði talinn.

Ríkisstjórnin skal skipa fimm manna nefnd til þess að gera tillögur um framkvæmdir á Reykhólum og hvernig stuðla megi að aukinni byggð þar. Skal einn nefndarmanna tilnefndur af hreppsnefnd Reykhólahrepps, annar af sýslunefnd Austur-Barðastrandarsýslu, en þrír skipaðir án tilnefningar. Skal nefndin hafa lokið athugun sinni og skilað tillögum sínum fyrir 1. október 1964.

Greinargerð.

Reykhólar á Reykjanesi er fornt og merkilegt höfuðból. Þar eru landkostir miklir, hiti í jörðu og staðurinn liggur mitt í einni fegurstu og svipmestu sveit landsins. Á undanförunum árum hafa ýmsar tillögur verið uppi um hagnýtingu staðarins og eflingu byggðar þar. T. d. beitti Gísli Jónsson, þáverandi alþingsmaður Barðstrendinga, sér fyrir því árið 1943, að sett var á laggirnar sérstök nefnd til þess að „gera nákvæmar athuganir og tillögur um framtíðarnot jarðarinnar Reykhóla sem skólaseturs og tilraunastöðvar fyrir Vesturland“. Þessi nefnd skilaði ýtarlegu álit, og á grundvelli þess flutti Gísli Jónsson síðan frumvarp til laga um skólasetur og tilraunastöð í jarðrækt á Reykhólum.

Árið 1944 voru í framhaldi af þessu frv. sett lög um tilraunastöð í jarðrækt á Reykhólum. Var slík stofnun síðan sett þar á laggirnar. Jafnframt hefur landnám ríkisins unnið miklar ræktunarframkvæmdir á staðnum. Ýmsar aðrar umbætur hafa og verið unnar þar á seinni árum. Þar hafa verið reistir embættisbústaðir fyrir lækni og prest, byggð ný og glæsileg kirkja, heimavist fyrir barnaskóla og sundlaug. Má því segja, að á staðnum hafi orðið veruleg uppbygging og framfarir. Skipulagsuppdráttur hefur verið gerður af staðnum, og er þar gert ráð fyrir mjög aukinni byggð þar.

En aðalnáttúruauðæfi staðarins, jarðhitinn, hafa enn þá ekki verið hagnýtt nema til upphitunar nokkurra húsa. Mikill og vaxandi áhugi ríkir hins vegar á því meðal íbúa Reykhóla, sem nú munu vera um 60 talsins, og í nálægum sveitum, að haldið verði áfram umbótum á Reykhólum. Þar kemur fyrst og fremst til greina hagnýting jarðhitans til gróðurhúsaræktunar, sem hægt væri að reka þar í stórum stíl. Enn fremur uppbygging iðnaðar, og hefur nú þegar verið hafizt handa um byggingu mjólkurbús á staðnum. Þá hefur undanfarið verið unnið að rannsóknnum á möguleikum þangvinnslu við norðanverðan Breiðafjörð, og telja sumir, að hún væri vel sett á Reykhólum.

Undanfarin ár hefur verið haldið uppi unglingafræðslu á staðnum við erfiðar aðstæður. Hafa nú komið fram óskir um, að stofnaður yrði héraðsskóli á staðnum, og er í því sambandi bent á, að aðsókn sé nú orðin svo mikil að þeim héraðsskólum, sem fyrir eru í landinu, að árlega verði að vísa frá fjölda nemenda.

Loks er talið, að samgöngum við norðanverðan Breiðafjörð og sambandinu við eyjarnar væri veruleg bót að ferjubryggju á Reykjanesi, og hefur þá helzt verið bent á Stað á Reykjanesi sem hentugan stað. Var á s. l. sumri lagður akvegur frá Stað niður að sjónum og hugsanlegu bryggjustæði.

Með þingsályktunartillögu þessari er lagt til, að öll þessi atriði og ýmis fleiri verði tekin til athugunar. Er lagt til, að sú nefnd, sem gert er ráð fyrir að hana framkvæmi, hafi lokið störfum sínum og skilað tillögum fyrir 1. okt. 1964.

Það er skoðun flm. þessarar tillögu, að það sé mjög mikils virði fyrir strjálbýlið á Vestfjörðum, að mynduð verði ný þéttbýlishverfi á einstökum stöðum, sem

búa yfir miklum möguleikum og eru vel í sveit settir með tilliti til samgangna og viðskipta. Slík þéttbýlismyndun í strjálbýlinu getur á marga lund orðið því til ómetanlegs gagns og eflingar, t. d. á sviði menningar-, heilbrigðis-, fræðslu- og félagsmála. Uppbygging þróttmikils skólastaðar með mikilli gróðurhúsarækt, iðnaði og greiðum og öruggum samgöngum á öllum árstímum mundi hafa mikla þýðingu, ekki aðeins fyrir byggðina í Austur-Barðastrandarsýslu, heldur fyrir alla Vestfirði. Það er von flm. þessarar tillögu, að hún megi verða til þess að koma nýjum skriði á framkvæmdir á Reykhólum, stuðla að eflingu byggðar þar, sem jafnframt yrði til hagræðis fyrir aðliggjandi sveitir.

Þess má að lokum geta, að nú er hafin athugun á því, hvernig unnið verði að eflingu byggðar á Vestfjörðum yfirleitt. Fer sú athugun fram á grundvelli þingsályktunartillögu, sem samþykkt var á síðasta Alþingi. Er það von flm., að jákvæður árangur verði af þeirri athugun og að henni ljúki sem fyrst.